

Umhirða mótorhjólakeðju

Efnisyfirlit:

1. Hreinsun keðjunnar.....	2
1.1 Af hverju þarf að halda keðjunni hreinni?	2
1.2 Með hverju á að halda keðjunni hreinni?	2
1.3 Rétt notkun	2
2. Að vernda keðjuna fyrir sliti	3
2.1 Að lengja líftíma keðjunnar	3
2.2 Með hverju á að vernda keðjuna?	3
2.3 Rétt notkun	3
3. Ráðleggingar við umhirðu keðjunnar	3

Umhirða mótórhjólakeðju

1. Hreinsun keðjunnar

1.1 Af hverju þarf að halda keðjunni hreinni?

Við akstur myndast varanlegt núningsviðnám á milli keðjunnar og drifhjólsins, sem og á milli hlekkjanna sjálfra. Við það flosna upp málmagnir og ekki verður hjá því komist að keðjan óhreinkist. Málmagnirnar, ásamt leifum af smurolíunni, sandi, göturyki og þess háttar, valda því að það myndast harðgerður hjúpur utan um keðjuna og drifhjólið. Þessi hjúpur veldur því að virku efnin í keðjuúðanum ná ekki að smjúga inn á milli hlekkjanna í keðjunni og því verður ómögulegt að smyrja hana. Ef keðjan er sjaldan eða aldrei hreinsuð er gagnslaust að smyrja hana. Feiti drýpur af keðjunni því smurolían kemst ekki lengur á milli hlekkjanna, heldur loðir við yfirborðið. Fyrir besta árangur nægir ekki að smyrja keðjuna einungis af og til. Til að halda keðjunni vel við þarf að hreinsa hana vel og reglulega.

1.2 Með hverju á að halda keðjunni hreinni?

S100 Krafthlaup keðjuhreinsiefni er sérstök efnasamsetning sem eykur hæfni hlaupsins til að smjúga á milli hlekkjanna, ásamt því að loða fullkomlega við þá. Árangurinn sem næst við þrífnaðinn er slíkur að harðgerð óhreinindin hverfa nánast af sjálfsdáðum, án þess að beita þurfi miklum krafti við þrífni. Hreinsiefnið er einnig efnisvænt, eykur sléttleika keðjunnar og verndar hana gegn sliti.

1.3 Rétt notkun

S100 Krafthlaup keðjuhreinsiefni: Hala niður vöruupplýsingum

2. Að vernda keðjuna fyrir sliti

2.1 Að lengja líftíma keðjunnar

Það eru sterkir kraftar sem mæða á mótörhólakeðjunni. Með því að smyrja keðjuna er hægt að minnka verulega núning sem myndast á milli keðjunnar og drifhjólsins, sem og á milli einstakra hlekkja keðjunnar. Það virkar hinsvegar einungis ef keðjuúðinn er borinn reglulega og vandlega á keðjuna og ef hann loðir við yfirborðið. Ófullnægjandi smurning leiðir fljótlega til slita og lengingu á keðjunni (hún hangir þá niður í stað þess að vera strekkt) eða þá að slit verður sýnilegt á drifhjólinu.

Það borgar sig að koma í veg fyrir slit. Með reglulegri umhirðu á bæði keðju og tannhjóli endast þau lengur og því líður lengri tími þar til nauðsynlegt er að skipta um. Keðja sem haldið er vel við stuðlar að öryggi við aksturinn.

2.2 Með hverju á að vernda keðjuna?

S100 Hvíti keðjuúðinn hefur góða viðloðun sem stuðlar að hreinni afturfelgu. Framúrskarandi keyrslugeta keðjunnar leiðir til lengri endingartíma hennar. Lengra getur liðið á milli smurninga. Hvíti keðjuúðinn er besta tæringarvörmin, sem ver á áhrifaríkan hátt gegn ryði. Bestu smurningareiginleikarnir nást í hitastigi frá -30°C til +110°C.

Framúrskarandi möguleikar til skolunar (akstur í rigningu, hreinsun mótörhjólsins). Inniheldur PTFE. Heldur við O/X/Z-hringjum og heldur þeim teygjanlegum.

2.3 Rétt notkun

S100 Hvíti keðjuúðinn: Hala niður vöruupplýsingum

3. Ráðleggingar við umhirðu keðjunnar

- Smyrjið mótörhólakeðjuna eftir hverja 500 til 1000 keyrða kílómetra.
- Hreinsið keðjuna fyrir smurningu að minnsta kosti eftir hverja 2000 keyrða kílómetra, þó helst fyrir hverja smurningu.
- Verið viss um að aðeins séu notaðir keðjuhreinsar sem tryggja samhæfni O-/X- eða Z-hringja.
- Úðið ávallt þunnu og jöfnu lagi af keðjuúðanum og leyfið því þar á eftir að lofta, helst yfir nótt.